

Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023

1. Útsvar:

Útsvar fyrir árið 2023 verði 14,52%.

2. Verðlag:

Gert er ráð fyrir 5,6% verðbólgu skv. þjóðhagsspá.

3. Aðrar forsendur:

Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi aukist um 3,14%.

4. Fasteignagjöld:

i) Fasteignaskattur:

A-liður Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 0,48% af heildarfasteignamati.

B-liður Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildarfasteignamati.

C-liður Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,50% af heildarfasteignamati.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

ii) Vatnsgjald:

Vatnsgjald verður 0,3% af heildarfasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verður 62.001 á sumarhús og íbúðarhús. Lágmarksálagning verður 18.613,-.

iii) Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð:

Fráveitugjald verði 0,27% af heildarfasteignamati eigna sem tengjast fráveitukerfum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 13.539.

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 3.009 pr./m³

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 40.540 og kr 550 á hvern ekinn kílómeter.

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 96.850 og kr. 550 á hvern ekinn kílómetur.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

- iv) Lóðarleiga:
Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóða.
- v) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2023:

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði

Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður heimilisúrgangur (grátunna) 240 l ílát	31.900 kr.
Lífrænn heimilisúrgangur (brúntunna) 240 l ílát	8.200 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát (blátunna)	4.900 kr.
Plast 240 l ílát (græntunna)	4.900 kr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva):

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 26.500 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli	17.690 kr.
Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki)	38.400 kr.

Klippikort verða afhent greiðendum sorpeyðingargjalda.

Móttökugjald á einn m³: 6.300 kr.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 7 talsins, innheimt mánaðarlega frá 1. febrúar 2023. Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.

- 5. Gjaldskrár – aðrar:
Aðrar gjaldskrár hækka almennt um 5% og er vísað í texta þeirra á heimasíðu.

Texti gjaldskráa eins og hann er birtur í B-deild Stjórnartíðinda gengum framur þessum texta ef misræmi reynist vera.